



Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps - 524

FUNDARBOÐ

**524. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps
verður haldinn Strandgötu 38, 14. maí 2018 og hefst kl. 17:00.**

Sveitarstjóri biðst velvirðingar á því að fundarboð fór ekki út fyrir tilskildan tíma vegna tækniörðugleika.

Dagskrá:

Fundargerð

- 1. 1805002F - Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 33**
 - 1.1 1805003 - Byggingarmál almennt
 - 1.2 1712032 - Deiliskipulag. Lóð undir fiskeldi og seiðisstöð.
 - 1.3 1805026 - Umsagnarbeiðni, Móatún 8.

- 2. 1804002F - Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 20**
 - 2.1 1612003 - Reglur Tálknafjarðarhrepps um foreldragreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum.
 - 2.2 1803018 - Ytra mat: Grunnskólans lokaskýrsla og kynningarglærur.
 - 2.3 1703003 - Upplýsingagiöf; Skólastjóra.
 - 2.4 1708037 - Grunnskóli: Skóladagatal grunnskóla.
 - 2.5 1805010 - Bréf: Næstu skref

Almenn erindi

- 3. 1805028 - Hundahald: umsókn**

- 4. 1805025 - ERASMUS+ : Sveitarfélag í Króatíu óskar eftir samstarfsaðila**

- 5. 1805021 - Brunavarnaáætlun: Boð um aðstoð við gerð hennar**

- 6. 1805018 - Hólsá: undirbúningur um virkjun í Hólsá**

- 7. 1805017 - Vegamál: Ályktun**

- 8. 1805013 - Til umsagnar: Frá nefndasviði Alþingis - 269. mál**



9. 1805012 - Umsögn: Drög að umsögn Sambands.FW: Skipulag haf og strandsvæðanánari útlistun

Drög að umsögn sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið varðandi frumvarp til laga um haf og strandsvæðaskipulag. Umsögn Sambandsins er miðað við umsögn þegar frumvarpið var flutt á 146. löggjafar, er nú verulega skerpt á þeim atriðum sem varða stjórnslu málaflokksins og nálægðarreglu um töku ákvarðana. Samkvæmt mati Fjórðungssambands Vestfjarða er þrennt sem stendur upp úr: Svæðisráð. Skerpt er á sýn sveitarfélaganna um stækkun lögsögu sveitarfélaga til hafsins.

- Áheyrnarfulltrúar umhverfissamstaka sitji í svæðisráði.

- Fjármögnun. Tryggja verði meira fjármagn til þess að koma strandsvæðaskipulagsvinnu strax og lögin taka gildi og tryggja fjármögnun til loka. Almenn. Að sveitarfélög hér á Vestfjörðum verði að horfa til þess að standa saman að strandsvæðaskipulagi eins og staðan er nú og sem skipta má upp í þrennt.

Svæði A er nái til skilgreinds fiskeldissvæðis frá Látrabjargi að Geirólfsgrúpi.

Svæði B, Norðanverður Breiðafjörður og þá væntanlega í samstarfi við önnur sveitarfélög við Breiðafjörð.

Svæði C. Geirólfsgrúpur að Ennishálsi og þá væntanlega í samstarfi við önnur sveitarfélög við Húnaflóa.

10. 1805006 - Styrkur: 2018

Sjómannadagsráð þakkar frábæran stuðning undnafarin ár.

Er að velta fyrir mér auglýsingu í dagskrá Sjómannadagsins sem Sjómannadagsráð sendir í öll hús á Vestfjörðum og Snæfellsnesi í aðdraganda Sjómannadagsins.

Tálknafjarðarhreppur hefur styrkt okkur um kr. 25.000 undanfarin ár.

Sveitarstjóri hefur þegar samþykkt fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps að styrkja hátíðina um 25 þús. kr. líkt og verið hefur og rúmast umræddur styrkur fyrir í fjárhagsáætlun 2018.

11. 1804045 - Byggðakvóti úthlutun: Fyrirspurn til Ásgeirs Jónssonar varðandi úthlutunartillögu byggðakvóta.

12. 1804038 - Styrkur: vegna Tálknafjörðs 2018

Styrkbeiðnin var tekin fyrir á 522. fundi hreppsnefndar og þar var eftirfarandi bókað. Sveitarstjóra falið að ræða við styrkbeiðendur.

Sveitarstjóri leggur fram minnisbalað þar sem fram kemur samskipti hans vegna Tálknafjörðs. En þar er styrkbeiðendum bent á að það sé skýr vilji sveitarstjórnar að styðja við Tálknafjör.

13. 1804031 - 20 ára afmæli: Heimsóknir í öll sveitafélög

Erindi frá Skákkfélaginu Hróknum í tilefni af tuttugu ára afmæli Hróksins Þar er tíundað starf Hróksins og jafnframt óskað eftir styrk.



14. 1805029 - Endurskoðun : Ársreikningur 2017. Ársreikningur samstæðu Tálknafjarðarhrepps, síðari umræða.

15. 1805008 - Rennibraut: Tilboð í viðgerð

Lagt er fram tilboð frá Trefjum í viðgerð á vantsrennibraut við sundlaug. Jafnframt er tilboð í endurnýjun á lendingarkari. Viðgerðin á rennibraut rúmast innan viðhaldsáætlunar Eingasjóðs, en endurnýjun á lendingarkari er ný fjárfesting og því þarf sveitarstjórn að taka afstöðu um málið.

16. 1805011 - Áningarsvæði: - Keldeyri

Lögð er fram tillöfur að áningarsvæði við Keldeyri. en þar er gert ráð fyrir að upplýsingarskiltiverði. meðfylgjandi eru teikningar frá Landmótun ásamt bréfi sem sent var Vegagerðinni. Jón Örn Pálsson hefur fylgt þessu máli eftir af mikilli röggsemi.

25. 1804047 - Fjárhagsáætlun: 2018: Viðauki I Við fjárhagsáætlun 2018

26. 1804048 - Fjárhagsáætlun: 2018: Viðauki II viðafjárhagsáætlun 2018.

27. 1804049 - Fjárhagsáætlun: 2018. Viðauki III við fjárhagsáætlun 2018.

28. 1804011 - Íþróttahús: vegna gjaldskrá á tjaldsvæði

29. 1805032 - Fjárhagsáætlun: Fjárhagsupplýsingar vegna 2018 fyrir fyrstu fjáramánuði ársins.

Til kynningar

17. 1805022 - Opinn ársfundur: Orkubús Vestfjarða 15. maí kl. 17 í Félagsheimilinu í Bolungarvík

18. 1805020 - Byggðastofnun: Ársskýrsla 2017

Lögð er fram til kynningar Ársskýrsla Byggðastofnunar 2017.

Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar.

Í formála stjórnarformanns kemur m.a eftirfarandi fram.

Góð sátt virðist ríkja í samfélaginu um að

æskilegt sé að styðja með uppbyggilegum

hætti við byggðaðróun í landinu. Mikilvæg forsenda

þeirrar sáttar er að unnið sé með faglegum

hætti og að fjármunir séu skynsamlega

nýttir. Jafnframt hefur skilningur vaxið á því að

þó næg atvinna sé frumforsenda lífvænlegrar



byggðar þarf fleira að koma til þegar kemur að ákvörðunum um búsetu. Góðar samgöngur, góðir skólar, afþreying, fasteignaverð og verslun eru dæmi um þætti sem ráða því hvar fjölskyldur velja sér búsetu.

Vert er að geta þess að fasteignamat nýrra 130 fm íbúðar í parhús í Tálknafirði er á 11.400 þús. kr.

19. 1805019 - Íbúaskrá: 01.12.2017

Íbúaskrá frá Þjóðskrá Íslands yfir íbúafjölda í Tálknafjaraðrhrepp frá 1. desember s.l fram kemur að íbúar voru þá 245 og skiptist þannig að karlar eldir en 18 ára voru 118, konur eldir en 18 ára voru 76 og börn yngri en 18 ára voru 51.

20. 1805004 - Styrkur: frá jöfnunarsjóði í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf, innleiðing í leikskóla, grunnskóla og frístundastarf sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður hefur fallist á styrkbeiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt Reykjavíkurborg til kaupa á sérfræðiráðgjöf vegn innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi sveitarfélaga.

21. 1805001 - Ársreikningur: FV fyrir árið 2017.

Ársreikningur Fjórðungssamband Vestfjarða 2017 en þar kemur fram að tekjur voru 280.388 þkr. en rekstrargjöld 280.565. Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði var neikvæð um 177 þkr en að teknu tilliti til afskrifta, fjármagnsliða er rekstrarafkoma jákvæð um 1.403 þkr.

Eingir Fjórðungssambands Vestfjarða samkvæmt efnahagsreikningi 2017 eru 239.812. þkr. , en skuldir og skuldbindingar 199.181 þkr.Egið fé er 40.631 þkr.

Áætluð lífeyrisskuldbinding Fjórðungssambandsins vegna lífeyrisskuldbindinga B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er 47.202 þkr og er ekki færð í ársreikninginn.

Ársreikningurinn er undirritaður af stjórn Fjórðungssambandsins og framkvæmdarstjóra.

22. 1805024 - Jafnréttisfréttir: frá evrópskum sveitarfélögum

Erindið er frá CEMR , Council of European Municipalities and Regions.

Hér farið yfir fundi CEMR sem var 12-13 apríl í Veliko Tarnovo (Bulgaríu) En fyrir fundinum lá aðgerðaráætlun um innleiðingu jafnréttiaætlunar hjá Evrópskum sveitarfélögum sem verður lögð fyrir ráðstefnu um sama máli sem verður 11-13 júní í Bilbao á Spáni. Einnig er bent á að enn sé opið fyrir skráningu á umrædda ráðstefnu.

23. 1802038 - Fundargerðir og Ársreikningur 2018

Á 117. fundi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða sem var þann 4 maí s.l voru tíu mál á dagskrá þau eru:

1. Starfsskýrsla 2017



2. Eftirlit
3. Skipulagsmál
4. Matvælastofnun
5. Umhverfisstofnun
6. Starfsleyfi
7. Tímabundið starfsleyfi
8. Umsagnir vegna rekstrarleyfa til sýslumanns
9. Umsagnir vegna tækifærisleyfa til sýslumanns
10. Önnur mál

24. 1805030 - Heilbrigðiseftirlit: Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2017.

Starfsskýrslan er kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlits en jafnframt samantekt upplýsinga um starfið. Sá háttur verður hafður á í ár að senda starfsskýrslu einungis á rafrænu formi til sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Umhverfis- og auðlindarráðuneytis en ef óskað er, er hægt að fá prentuð eintök. Einnig verður skýrslan aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins www.hevf.is

12. maí 2018
Indriði Indriðason, Sveitastjóri.